

Sturlungaöldinni kunnu að vísu einnig að deyja eins og hetjur, en þeir óttuðust að falla í vígahug og án þess að hafa fengið prestfund. Því er þess vanalega getið, hvort „dauðamenn“ hafi haft prestsfund eða ekki. Þetta atriði dregur úr þeim þegar í tvísýni er komið; þess vegna eru þeir svo fljótir að gefast upp. Það er eins og orð Snorra Arnþrúðarsonar benda til, engan veginn af hræðslu við vopn, því síður af meðfæddri fridsemi; en þeir vilja heldur rétta háls undir öxi óvina sinna eins og lamb, sem er til slátrunar leitt, og verða hólpnir, heldur en falla eftir fræknustu vörn—og fara til helvítis.

Þetta hlýtur oft að hafa haft áhrif á rás viðburðanna, og er í sögunni, sem gerist eftir þann tíma, sem einkum hefir veið rætt um hér að framan, mikil efni til hugleiðingar í þá átt, þó að ekki sú hér lengra haldið.

\*

\*

\*

Hið andlega frelsi, sem um tíma var á svo háu stigi hjá Íslendingum, reyndist næsta þýðingarmikið fyrir þekkinguna á sögu og máli hins norræna kynfloksks.

En þetta andlega frelsi stóð því miður ekki föstum fótum og varð þess vegna laust fyrir, er kyrkjan sótti á. Það stóð ekki á öðru en því sjálfræði, sem feðurnir höfðu látið í arf, og svo á góðri skynsemi, er leitt hafði til skynsamlegrar þekkingar, sem náði þó stutt, að eins yfir það sem næst er og opnast fyrir. Að vísindum, sem svo eru nefnd, verður þekkingir, þegar menn með glöggskygni, greind og rökvisi, leitast við að rekja samhengi hlutanna lengra en í daglegu lífi virðist þörf á. Einmitt af því að vísindin fást oft við efni, sem í fljótu bragði virðast einskis varðandi fyrir hag manna, hafa fávísir menn ekki allsjaldan fyrirlitningu á vísindum á líkan hátt eins og hestum og nautum sjálf sagt mundu þykja áveitur og annað það, sem menn þó gjöra til að efla grasvöxt, næsta óþörf fyrirtæki.

Andlegt frelsi forseðra vorra stóð ekki á vísindalegum grundvelli.

En hve frábært vit var til hjá fornmönum, er sjálfst mál-  
ið, sem hugsar svo miklu meir en vér, sem nú tölum það, ekki